

Fundargerð ræktunarstjórnar 9. janúar 2017

Mættir eru: Heiðar J. Sveinsson, Þórhallur Atlason, Erla Heiðrún Benediktsdóttir og Jens Magnús Jakobsson, fjarverandi Sigrún Guðlaugardóttir.

- 1) Fundað var með vefstjóra um opnun á rakkalista. Vefstjóri taldi málið vel framkvæmanlegt og mun senda stjórn uppkast af framsetningu áður en birt verður. Stjórn setur saman texta sem birtist á síðunni.
- 2) Fundur settur og farið yfir síðustu fundargerð.
- 3) Spurning hvort rakki með cataract óarfgengt eigi að fara á rakkalista. Þar sem ekkert í reglum útilokar pörunardýr með óarfgena sjúkdóma til pöruna fer hann á rakkalista. Í framhaldi kom upp spurning hvernig þessu er háttað í nágrannalöndum og ákveðið að skoða hvað augnlæknar segja og hverjar eru vinnureglur í nágrannalöndum. Þetta mál er í vinnslu, búið að senda fyrirspurnir til nágrannalanda og beðið svara.
- 4) Heiðrun stigahæstu hunda 21 janúar, kalla þarf saman bikara, dagskrá: kynna námskeið með Trond, fara yfir dagskrá ársins. Kaffi, veitingar og spjall.
- 5) Farið yfir fyrirkomulag á námskeiði með Trond, Jens Magnús, Kristján og Heiðar höfðu hist og farið yfir skipulag og komu með tillögu. Stjórn ræddi málið og kom með innlegg. Spjalla þarf frekar við kennara um fjölda og nánara fyrirkomulag.
- 6) Hugmynd að halda æfingarhelgi 27. til 28. maí.
- 7) Samþykkt að boða til fundar með dómurum um sumarið, sjá hver staðan er á WT reglum.
- 8) Rætt um afkomu síðasta árs og undirbúning ársreiknings ásamt skýrslu.
- 9) Ársfundur ákveðinn 15.mars n.k.

F.h. Ræktunarstjórnar,

HS